


Samfélagsverkefni gegn spillingu

Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem átti sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi og jafnvel eftir að lögin voru samþykkt. Í byrjun þessa árs hóf undirritaður að vinna í hálfu starfi við Samfélagsverkefni gegn spillingu. Undirritaður byrjaði fyrst að koma með opinbera gagnrýni í byrjun ársins 2019. Minni vegferð má skipta í þrjá áfanga:

- **Fyrsti áfangi – Beiðni um opinbera rannsókn (2019):** Gerð var athugasemd við frumvarp um fiskeldi, öllum alþingismönnum sendar ítarlegar greinagerðir um málið og auglýst í blöðum þar sem hvatt var til opinberrar rannsóknar. Jafnt voru fjölmiðlar hvattir til að fara í faglega rannsóknavinnu varðandi þetta máli.¹
- **Annar áfangi – Upplýsa (2020-2021):** Skrifaðar voru fjölmargar greinar til að upplýsa um málið og vekja athygli á þeirri spillingu sem var viðhöfð við undirbúning og gerð laga um fiskeldi. Almenn var það verklag haft að tekin voru fyrir umhverfismálin í Bændablaðinu og spillingin í Morgunblaðinu.² Jafnframt var málið kynnt á samfélagsmiðlum³ og fjöldi tölvupósta sendur til ákveðinna markhópa.⁴
- **Þriðji áfangi – sjálfstæð rannsókn (2022-2023):** Það sem ekki var orðið við þeirri beiðni minni að framkvæmd yrði opinber rannsókn á spillingu við undirbúning og gerð laga um fiskeldi ákvað undirritaður fara í þá vinnu í upphafi þessa árs.⁵ Seinna ákvað nýr matvælaráðherra að fá Ríkisendurskoðun til að framkvæma stjórnsluúttekt⁶ á þessu máli. Gert er ráð fyrir að rannsókn undirritaðs verði á töluvert breiðari grunni en stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar.

Vinnan framundan

Á þessu ári verður unnið að því að skrifa rannsóknaskýrslur um einstök laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila og önnur mál er tengjast undirbúningi og gerð laga um fiskeldi. Rannsóknaskýrslurnar verða viðaukar eða vinnuskjöl við fyrirhugaða bók **Lög um fiskeldi - „Þetta hefur eftirmála“**.⁷ Ef áætlanir ganga eftir líða fimm ár frá því að undirritaður byrjaði að gagnrýna spillingu við undirbúning og gerð laga um fiskeldi þar til fyrsta útgáfa af fyrirhugaðri bók verður að fullu birt á netinu í lok ársins 2023. Haft skal í hug að þetta mál hleypur ekki í burtu frá okkur og mun koma upp aftur og aftur á næstu árum og áratugum.



Valdimar Ingi Gunnarsson
Sjávarútvegsþjónustan ehf.

¹ <https://lagareldi.is/fljotandi-ad-feigdarosi/>

² https://sjavarutvegur.is/?page_id=1017

³ <https://www.facebook.com/www.lagareldi.is/>

⁴ <https://lagareldi.is/tolvupostar-til-ad-upplysa/>

⁵ <https://lagareldi.is/2022/02/01/er-refsivert-ad-gagnryna-spillingu-vinnan-framundan/#more-3216>

⁶ <https://lagareldi.is/2022/03/20/stefnumotun-stjornsluuttek-og-fleira/>

⁷ <https://lagareldi.is/wp-content/uploads/2022/02/Bkin.pdf>